


| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt:SHJ | Áfangaheiti VID 143 Kennsluáætlun vorönn 2012 | |
| Síða 1 af 2 | | |

| | | | |
|----------------|---------------------|------------|--|
| Kennari | Leifur Brynjólfsson | LEB | |
|----------------|---------------------|------------|--|

Áfangalýsing:

Kynnt eru grundvallaratriði íslenskrar stjórnskipunar og réttarkerfis. Áhersla er lögð á kynningu á lögum og reglum sem tengjast viðskiptalífinu. Áfanginn miðar að því að gefa nemendum innsýn í umfang löggjafar á þessu sviði og að þeir þekki helstu meginreglur hennar. Stutt umfjöllun um sífja- og erfðarétt. Áfanginn er jafngildur VRR 103.


Markmið:

Nemandi

- þekki til grunnatriða lögfræðinnar
- þekki til grundvallaratriða í sambandi við löggjöf og aðrar réttarheimildir
- þekki til meginatriða í íslenskri stjórnskipan
- þekki meginreglur íslensks réttarfars og helstu farvegi mála í gegnum dómstóla og aðrar stofnanir réttarkerfisins, svo sem greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti
- þekki helstu hugtök sem lúta að réttindum og skyldum þjóðfélagsþegna
- þekki almennar reglur sem varða samninga, umboð og aðra löggerninga
- þekki til laga um lausafjárkaup og fasteignakaup
- þekki helstu lög og reglur er varða kröfur og skuldbindingar
- þekki helstu lög um skaðabætur og vátryggingar
- þekki þann mun sem er á hinum ýmsu rekstrarformum í atvinnurekstri hvað snertir ábyrgð eigenda og fleira
- hafi kynnt sér lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti
- hafi kynnt sér ýmsar aðrar réttarreglur atvinnulífsins, svo sem bókhaldsskyldu, auðkennarétt, verslunarleyfi og fleira
- þekki helstu réttindi og skyldur aðila á vinnumarkaði
- þekki helstu lög um stéttarfélög og vinnudeilur
- þekki til helstu laga varðandi sífja- og erfðarétt

Námsgögn:

| Tegund | Námsgögn |
|-----------------------|---|
| Bækur | Lögfræði og lífsleikni fyrir framhaldsskóla eftir Þuríði Jónsdóttur Útgáfan 1ða. ný útgáfa, nóvember 2011. |
| Myndbönd | Réttur er settur. Gamlir sjónvarpsþættir frá Orator félagi laganema við Háskóla Íslands. |
| Annað (t.d. ítarefni) | Lög nr. 33 1944 Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands. Frumvarp Stjórnlagaráðs 2011. Fréttir og umfjöllun fjölmiðla á líðandi stund. |

| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 2 af 2 | Áfangaheiti VID 143 Kennsluáætlun vorönn 2012 | |

Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni | Verkefni |
|------|---|---|
| 2 | Kynning á áfanganum. | |
| 3 | Kafli 2 í kennslubókinni. Stjórnarskráin - Stjórnskipun | |
| 4 | Stjórnarskráin – Stjórnskipun 1. kafli Lögfræði | |
| 5 | 3. kafli Dómstólar | |
| 6 | 4. kafli Lausafjárkaup | Fjölmiðlaverkefni 1 Síðasti skiladagur 8. feb. |
| 7 | 5. kafli Þjónustukaup | Stöðupróf 1. |
| 8 | 6. kafli Samningsgerð | |
| 9 | 6. kafli Samningsgerð | |
| 10 | 7. kafli Hjúskapur og sambúð | Fjölmiðlaverkefni 2 Síðasti skilad.: 7. mars |
| 11 | 8. og 9. kafli Barnaréttur og erfðir | Stöðupróf 2 |
| 12 | 10. kafli Fasteignakaup | |
| 13 | 10. kafli Fasteignakaup | |
| 14 | Páskafri | |
| 15 | 11. og 12. kafli Fjármál einstaklinga, sparnaður og lán | Fjölmiðlaverkefni 3 Síðasti skilad.: 11. apríl |
| 16 | 13. kafli Kröfuréttindi | Stöðupróf 3 |
| 17 | 14. og 15. kafli Vinnuréttur, félög og skattar | |
| 18 | Próf | |
| 19 | Próf | |

Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|------------------------|---|------|
| Skriflegt | Próf í lok annar. | 60% |
| Verkefni | Þrjú verkefni unnin upp úr fjölmiðlum. Skylda er að skila þeim öllum. | 15% |
| Skyndipróf | Þrjú stöðupróf verða á önninni og gilda tvö þeirra samtals 20%. | 20% |
| Ástundun og vinnusemi. | Í þessum matshluta gildir mæting í kennslustundir mest. 98-100% = 10, 95-97,9% = 9, 92-94,9% = 8, 89-91,9% = 7 85-88,9% = 6, 80-84,9% = 5, 75-79,9% = 4, <75% = 0 | 5% |

Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 6. jan. 2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils